

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar, 1. áfanga.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 13. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar, 1. áfanga þar sem skilmálum lóðarinnar Hagabrekku 5 (L231692) var breytt. Byggingarreiturinn er stækkaður um 8 metra til suðausturs og 10 metra til norðausturs svo hægt sé að byggja 25 fermetra gestahús innan stækkaðs byggingarreits. Aðrir skipulagsskilmálar lóðarinnar breytast ekki.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 23. október 2024,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. nóvember 2024